

2020

## Lestur alla daga



---

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	2
Inngangur .....	5
Læsi .....	5
Þjóðarsáttmáli um læsi.....	5
Birting læsis í skólastarfinu .....	5
Leiðir til læsis .....	5
Ábyrgð og hlutverk.....	6
Skólinn .....	6
Læsi og lestrarkennarar .....	6
Sérkennarar .....	6
Skólastjórnendur .....	6
Annað starfsfólk .....	6
Foreldrar .....	6
Lestarfyrirmyndir .....	6
Áhugi og hvatning .....	6
Læsishvetjandi umhverfi .....	7
Tillögur frá Heimili og skóla.....	7
Upplýsingagjöf .....	7
Nemandinn.....	7
Kennsluaðferðir lestrar.....	8
Byrjendalæsi.....	8
Hljóðlestur.....	9
Hraðlestur .....	9
Lesskilningur.....	9
Gagnvirkur lestur.....	9
KVL.....	10
Hugtakakort .....	10
Vennmyndir .....	10
Orð af orði .....	11
PALS .....	11
Daglegur lestur í skóla.....	11
Lestrarmenning .....	12
Hlutverk skólasafns .....	12
Stóra upplestrarkeppnin.....	12

---

Lestur fyrir leiksskólabörn .....	12
Markmið og leiðir í lestri .....	13
1. bekkur .....	13
Hæfni á námssviði .....	13
Dæmi um leiðir í kennslu .....	13
2. bekkur .....	13
Hæfni á námssviði .....	13
Dæmi um leiðir í kennslu .....	13
3. bekkur .....	13
Hæfni á námssviði .....	13
Dæmi um leiðir í kennslu .....	13
4. bekkur .....	14
Hæfni á námssviði .....	14
Dæmi um leiðir í kennslu .....	14
Miðstig (5. – 7. bekkur).....	14
Hæfni á námssviði .....	14
Dæmi um leiðir í kennslu .....	14
Unglingastig (8. – 10. bekkur) .....	14
Hæfni á námssviði .....	14
Dæmi um leiðir í kennslu .....	14
Skimanir og próf.....	16
Greining á lestrarerfiðleikum.....	19
Lestrarlíkan.....	19
Lestrarerfiðleikar – helstu birtingamyndir .....	19
Fyrirkomulag íhlutunar .....	19
Aðlagð námsmat.....	20
Viðaukar.....	21
Hugmyndir að lestrarátaki í bekkjum.....	21
Lestrarátak „Súlurit“ .....	21
Lestrarátak „Lestrarfé“ .....	21
Lestrarátak „Múrsteinar“ .....	22
Lestrarátak „Laufblöð“ .....	22
Lestrarátak í samvinnu við bókasafnsvörð .....	22
Lestrarátak „Uglur“ .....	22
Lestrarátak „Lestu nú“.....	23
Lestrarátak „Bætt lestrartækni“ .....	23
Lestrarátak „Lesnámskeið í 3. bekk“ .....	23

---

---

Lestrarmararþon.....	24
Bókamessa.....	24

---

## Inngangur

### Læsi

Læsi höfðar til þess að hver einstaklingur hafi hæfni til að skynja og skilja umhverfi sitt og samfélag á gagnrýninn hátt og taka þátt í að móta það. Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir heyra og lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á. Hefðbundið læsi tengist kunnáttu og færni sem fólk þarfnast til þess að geta fært hugsun sína í letur og skilið prentaðan texta. Læsi í víðum skilningi vísar hins vegar til þess að nemendur nái tökum á ýmsum táknerfum og miðlum (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011).

### Þjóðarsáttmáli um læsi

Á haustdögum 2015 var undirritaður þjóðarsáttmáli um læsi og voru það fulltrúar allra 74 sveitarfélaga landsins ásamt mennta- og menningarmálaráðherra og fulltrúum Heimilis og skóla sem undirrituðu sáttmálann. Markmið þjóðarsáttmálans er að öll börn geti við lok grunnskóla lesið sér til gagns og er verkefnið hluti af aðgerðaáætlun sem unnin var í kjölfar Hvítbókar mennta- og menningarmálaráðherra um umbætur í menntun. Ekki er litið á þjóðarsáttmálann sem tímabundið átak heldur er markmiðið að byggja sterkan grunn fyrir umbætur í menntakerfinu þannig að nemendur njóti góðs af.

### Birting læsis í skólastarfinu

- Unnið er eftir lestrarstefnu skólans.
- Læsi í víðum skilningi felur í sér að vera læs á menningu sína, félagsleg samskipti og umhverfi.
- Læsi gengur í gegnum allar námsgreinar allra árganga. Það tekur til kennslu og þjálfunar í lestri og lesskilningi, tjáningar og samskipta, ritunar, eflingar orðaforða, notkunar ýmissa miðla og stafrænnar tækni.
- Áhersla er lögð á ígrundun, gagnrýna hugsun og miðlun efnis.
- Í lestrarkennslu er áhersla lögð á: Lestur, skrift, orðaforða, málnotkun, málsamfélag, bækur, blöð, ritföng, tölvur, umræður, orðanotkun, myndmál, stafrænt læsi, miðlamennt, miðlalæsi, ljósmyndir, prentað mál, tónlist og merkingarsköpun. Unnið er með sömu þætti á öllum stigum en með auknum kröfum þegar nemendur eldast en þá er lögð meiri áhersla á gagnrýna hugsun, ígrundun og miðlun efnis á fjölbreyttan hátt.

### Leiðir til læsis

- Lestrarkennsluaðferðir: Byrjendalæsi, Orð af orði, PALS, hljóðalestur, yndislestur.
- Bókasafn.
- Tölvur og snjalltæki.
- Fjölbreyttir kennsluhættir.
- Stóra upplestrarkeppnin.
- Lesstundir nemenda 7. bekkjar í leikskóla.
- Tónmenntakennsla.
- Samverustundir.
- Dagur íslenskrar tungu.
- Ýmis afmörkuð verkefni tengd læsi s.s. dagblöð í skólum og lestrarátök.

---

## Ábyrgð og hlutverk

### Skólinn

Læsi er mikilvæg forsenda fyrir þátttöku í lýðræðislegu samfélagi og því leggur Hrafnagilsskóli áherslu á læsi á allri skólagöngu nemandans. Lestrarstefnu Hrafnagilsskóla er ætlað að vera leiðarvísir fyrir kennara og til upplýsingar fyrir nemendur og foreldra um þau markmið og leiðir sem fylgt er í lestrarkennslu í skólanum.

### Læsi og lestrarkennarar

Allir kennara Hrafnagilsskóla eru læsiskennarar og læsi umlykur alla þætti skólastarfsins. Umsjónarkennarar skipuleggja lestrarkennsluna í sínum bekk og kynna foreldrum að hausti. Kennarar birta markmið og leiðir hvers árgangs í annaráætlunum og inn á Mentor en hver kennari gerir annaráætlanir um kennslu í sínum bekk og útfærir þær út frá hæfniviðmiðum. Lestrarkennslan þarf að miðast við aldur og getu nemenda og áherslurnar breytast samhliða þeim þáttum sem þjáfaðir eru í hvert sinn.

### Sérkennarar

Við Hrafnagilsskóla starfa sérkennarar. Sérkennarar sjá um að leggja skimunarpróf fyrir ákveðna árganga og lesa úr þeim. Vakni grunur um lestarerfiðleika nemanda leggja sérkennarar fyrir hann frekari greiningarpróf sem þeir byggja síðan áframhaldandi vinnu á. Nemendur sem eru verulega á eftir viðmiði árgangs eiga kost á að fá sérkennslu og vinna þá sérstök verkefni bæði í skólanum og heima. Sérkennari skipuleggur sérkennsluna og kynnir fyrir foreldrum.

### Skólastjórnendur

Aðkoma og þátttaka skólastjórnenda skiptir miklu. Þeir þurfa að setja sér há markmið um árangur og tryggja fræðslu og þjálfun starfsfólks um læsi. Mikilvægt er að efla þróunarstarf um læsi, vinna að athugunum og vera stöðugt á verði um nýjungar og framþróun sem á sér stað í straumum og stefnum um lestur og lestrarkennslu.

### Annað starfsfólk

Hugtakið læsi er vítt hugtak og teygir anga sína inn í allar námsgreinar skólans. Allir kennarar Hrafnagilsskóla bera ábyrgð á læsinnáminu þar sem ný hugtök og nýr orðaforði er kenndur í öllum námsgreinum. Þess vegna verða allir kennarar að líta á sig sem læsiskennara þrátt fyrir að aðeins sumir þeirra hafi það hlutverk að kenna lestur.

### Foreldrar

Foreldrar eru mikilvægir þátttakendur í námi barna sinna. Foreldrar eru fyrstu kennarar barna sinna og þeir aðilar sem lengst fylgja þeim eftir í lífinu. Fjöldi rannsókna sýnir fram á að þátttaka foreldra í námi barnanna styrkir þau í námi, það á einnig við um árangur þeirra í lestri.

### Lestrarfyrirmyndir

Margar rannsóknir hafa sýnt að það skiptir máli að börn hafi virkar lestrarfyrirmyndir í umhverfi sínu. Foreldrar eru helstu lestrarfyrirmyndir barnanna sinna. Börn sem alast upp við lestrarhvetjandi umhverfi þar sem lesið er fyrir þau og þau sjá foreldra sína lesa, upplifa að ritmál og bækur séu hluti af daglegu umhverfi og læra smám saman að njóta þeirra.

### Áhugi og hvatning

Hlutverk foreldra er að styðja við lestrarnám barna sinna með því að hlusta á þau lesa að lágmarki 20 mínútur á dag. Mikilvægt er að foreldrar gefi sér tíma til að ræða innihald þess sem lesið er, útskýra erfið orð og álykta um hvað gæti gerst næst. Hjá yngri nemendum skrá foreldrar og kennarar í sérstaka bók, Lestrarskjóðu, það sem barnið les eða æfir með þeim. Eftir því sem nemendur verða eldri er hlutverk foreldra að styðja við lestrarnám og -þjálfun barna sinna með því að hvetja þau til að

---

lesa fjölbreytt efni og skapa til þess skilyrði. Mikilvægt er að foreldrar sýni lestrinum áhuga og gefi sér tíma til að ræða það sem lesið er.

### Læsishvetjandi umhverfi

Helstu markmið með læsishvetjandi umhverfi eru að kveikja áhuga, skapa jákvætt viðhorf, hvetja til aukins lesturs og að nemendur upplifi gleði og sköpun í tengslum við lestur. Margar leiðir er hægt að fara til þess að uppfylla þessi markmið og má þar meðal annars nefna að í skólanum er aðgengi að lesefni fjölbreytt, gott aðgengi er að bókasafni, reglulegar kynningar eru á bókum á samverustundum, lesið er með og fyrir nemendur og verkefni frá nemendum eru sýnilegt á ýmsum stöðum í skólanum.

### Tillögur frá Heimili og skóla

Fulltrúar Heimilis og skóla eru aðilar að þjóðarsáttmála fyrir hönd foreldra og gerðu samtökin samning við mennta- og menningarmálaráðuneyti í janúar 2016 um að útbúa Læsissáttmála fyrir foreldra. Meginmarkmið samkomulags ráðuneytisins og Heimilis og skóla eru að:

- Stuðla að aukinni lestrarfærni barna og unglunga með þátttöku og stuðningi foreldra við framkvæmd þjóðarsáttmála um læsi.
- Útbúa Læsissáttmála fyrir foreldra og kennara og innleiða hann í skóla landsins.
- Auka vitund foreldra um ábyrgð þeirra gagnvart læsi barna sinna.
- Virkja foreldra í að styðja við læsi og lestrarþjálfun barna sinna.
- Auka samstarf skóla og foreldra um læsishátt barna.

Hægt er að nálgast nánari útfærslu á atriðum sáttmálans á [http://www.heimilhogskoli.is/wp-content/uploads/2016/08/HS\\_lestur\\_itarefni\\_A5\\_final.pdf](http://www.heimilhogskoli.is/wp-content/uploads/2016/08/HS_lestur_itarefni_A5_final.pdf)

### Upplýsingagjöf

Mikilvægt er að foreldrar og nemendur séu upplýstir um tímasetningar skimana og prófa. Einnig er mikilvægt að foreldrar fái greinargóð og skýr skil á niðurstöðum sérstaklega í ljósi þess að gerð er krafa um að foreldrar aðstoði börn sín ef þau þurfa á íhlutun að halda. Endurgjöf til foreldra verður að mestum hluta í höndum umsjónarkennara en sérkennarar koma í sumum tilvikum að úrvinnslu og framsetningu upplýsinga. Gott upplýsingastreymi og samskipti við foreldra getur skipt sköpum fyrir árangur barna.

### Nemandinn

Nemendur þurfa að vita að hverju er stefnt með þjálfun hinna ýmsu námsþátta í lestrarnáminu, námið þarf að hafa tilgang en lokamarkmið lesturs er alltaf góður lesskilningur. Nemendur þurfa einnig að vera meðvitaðir um eigin lestrarfærni og fá hæfilega krefjandi lestrarefni.


---

## Kennsluaðferðir lestrar

### Byrjendalæsi

Kennsla í lestri á yngsta stigi gengur út frá aðferðum Byrjendalæsis, einkum í 1. og 2. bekk og að hluta til í 3. og 4. bekk. Byrjendalæsi er samvirk kennsluaðferð þar sem saman fléttast lestur, hlustun, tal og ritun í eina heild. Enn fremur eru sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðvitund, réttiritun, skrift, orðaforði, setningabygging og málfræði tengd inn í ferlið. Orðaforði, málþroski og reynsluheimur nemenda eru undirstaða lesskilnings og því er unnið að því að auðga og efla þá þætti í kennslunni. Meginmarkmið Byrjendalæsis er að börn nái góðum árangri í læsi sem allra fyrst á skólagöngu sinni. Þegar börn hefja nám í 1. bekk eru þau misjafnlega vel á vegi stödd. Sum þekkja stafi, önnur eru farin að lesa og svo er hópur sem þarf að læra alla stafina og hvernig á að vinna með þá. Áhersla er lögð á að nemendur fái verkefni sem hæfa færni hvers og eins. Byrjendalæsi gerir ráð fyrir því að hægt sé að kenna börnum sem hafa ólíka færni í lestri hlið við hlið og því er lögð áhersla á hópvinnu um leið og einstaklingsþörfum er mætt.

Byrjendalæsi er kennt í þremur þrepum. Í fyrsta þrepi kynnast nemendur gæðatexta. Á öðru þrepi vinna nemendur með tæknilega þætti lestrarnáms og á þriðja þrepi semja þeir efni á grunni upphaflegs texta. Tæknileg vinna með stafi, hljóð og orð fer fram innan orðaforða hvers texta. Eftir því sem færni nemenda eykst er markvisst stutt við sjálfstæði þeirra í vinnubrögðum. Gengið er út frá því að lestrarkennslan fari fram tvisvar til þrisvar á dag, fimm daga vikunnar að lágmarki 80 – 90 mínútur á dag. Þvert á þrepin þrjú lesa nemendur mikið. Félagastuðningur er mikilvægur í lestrarnáminu og því vinna þeir oft í hópum. Leikir og spil tryggja samskipti þar sem nemendur í senn styðja hvern annan og keppa að því að ná árangri. Þar eru hlutverk og reglur sem fara þarf eftir. Nemendur eru virkir þátttakendur og námið verður skemmtilegt. Kennarar semja formlega kennsluáætlun fyrir hvern texta sem unnið er með.



Kennsla í lestri á miðstigi miðar að því að efla lestrarfærni nemenda, auka hraða og öryggi og efla lesskilning. Jafnframt því sem lestur er þjálfaður sem sérstök færni er lögð áhersla á að nemendur nýti lestur í sem flestum námsgreinum sem tæki til að afla þekkingar. Leggja skal áherslu á fjölbreytt lesefni, bæði prentað efni í bókum og hvers konar ritum og einnig lesefni á netinu. Gera þarf nemendum grein fyrir því að nauðsynlegt er að ná tókum á ólíkum tegundum lestrar, svo sem nákvæmnislestri, leitarlestri, skimlestri, upplestri, hraðlestri og lestri stiklutexta og þjálfá með þeim.



---

Árlega taka nemendur í 7. bekk þátt í stóru upplestrarkeppninni en í tengslum við hana æfast nemendur m.a. í að ná góðum tengslum við áheyrndur, skýran framburð sérhljóða og samhljóða, hljómfall og raddbeytingu.

Á unglíngastigi er lögð áhersla á að mæta nemendum í lestrarkennslunni þar sem þeir eru staddir. Áfram er leshraði og liðleiki í lestri aukinn, bæði upphátt og í hljóði. Þar er um að ræða raddlestur upphátt og hraðlestur, yfirlitslestur, leitarlestur og nákvæmnislestur í hljóði. Nemendur læra að setja fram og kynna upplýsingar sem þeir afla á mismunandi vegu, munnlega, skriflega, myndrænt og með aðstoð tölvu.

## Hljóðlestur

Börn lesa í byrjun orð fyrir orð eða orðhluta fyrir orðhluta og allt á nokkurn veginn sama hraða og álfka hratt upphátt og í hljóði. Það þarf að kenna þeim að lesa á sveigjanlegum leshraða ella er hætt við því að þau staðni eða jafnvel dragi úr lesleikni þeirra. Talað er um þrjár tegundir lestrarhegðunar; *yfirlitslestur (skönnun)*, *skimun* (leitarlestur) og raunverulegan lestur, oft nefndur *nákvæmnislestur*.

*Yfirlitslestur (skönnun)* er notuð til að finna sérstakar upplýsingar eða staðreyndir, t.d. leit í símaskrá, orðabók, dagtöl, uppskriftir, verðlistar, dagskrá sjónvarps o. fl. Lesandi rennir augunum yfir dálka eða lista og stöðvast ekki fyrir en hann finnur þær upplýsingar sem leitað er að. Þegar skannað er veit lesandi hvaða spurningu hann leitar svars við. Leshraði getur verið um 1500 orð á mínútu við að finna tiltekna upplýsingar miðað við 100% öryggi í að finna rétta svarið.

*Leitarlestur (skimun)* er beitt til að öðlast yfirlit og átta sig á aðalatriðum texta. Hann er notaður til að lesa texta í flýti. Hvert orð er ekki lesið, hluta efnisgreina eða jafnvel heilum efnisgreinum er sleppt. Skilningurinn ætti að vera 50 – 60%. Leshraði skimunar erum 800 – 1000 orð á mínútu. Við skimun eru lesnar fyrirsagnir, undirfyrirsagnir og efnisgreinar sem kynna efni kaflans. Ef saga er lesin ætti að lesa fyrstu efnisgreinarnar til að fá hugmynd um efnið. Einungis lykilsetningar eru lesnar til að fá meginhugmyndir. Í lokin eru lesnar tvær til þrjár síðustu efnisgreinarnar því þær draga oft saman efnið.

*Nákvæmnislestur* er notaður þegar greina á t.d. hugmyndir og orð höfunda. Efni sem felur í sér lausnaleit eða greinandi athugun er lesið hægt og vandlega, staldrað við og endurlesið eftir þörfum. Meiri hraði er notaður við texta um almenn efni, svo sem dagblöð, tímarit. Hraðlestri er svo beitt t.d. við lestur létttra skáldsagna þar sem markmið lestrarins er góður heildarskilningur.

## Hraðlestur

Markmiðið með því að þjálfna nemendur í hraðlestri er að auka leshraða þeirra í nákvæmnislestri. Hraðlestur byggist á því að nemandinn reynir að lesa enn hraðar en hann er vanur. Hann getur t.d. endurlesið stuttan texta nokkrum sinnum og mælt hvað hraðinn eykst við endurtekninguna. Þegar þetta er gert er mikilvægt að merkja við villur og jafnvel skrifa niður rangt lesin orð til að festa réttitunina í minni.

## Lesskilningur

Nemendum er kennt að skoða útlit texta og skipulag (titlar, fyrirsagnir, myndir, leturgerð o.þ.h.) og í hvaða tilgangi hann er skrifaður. Þeir læra að spá fyrir um efni texta og fá staðfestingu eða leiðréttingu á tilgátu sinni, spyrja sig spurninga um efni hans og leita svara við þeim, draga ályktanir og draga saman meginatriði. Þeir læra að leita skýringa á því sem þeim þykir óljóst eða lesa aftur til að ná efninu betur. Helstu kennsluáferðir sem notaðar eru til að vinna að auknum lesskilningi eru Gagnvirkur lestur, KVL, hugtakakort, Vennmyndir, Orð af orði og Pals.


## Gagnvirkur lestur

Gagnvirkur lestur felur í sér kennslu fjögurra þátta, sem oftast fer fram í hópakennslu. Þegar góðri leikni er náð beita nemendur aðferðinni einir og taka þannig aukna ábyrgð á eigin námi. Þegar

gagnvirkum lestri er beitt í kennslu vinna nemendur saman, skiptast á hlutverkum og allir eru virkir. Nemendum er kennt:

- að taka saman meginatriði efnisins
- að spyrja spurninga um hugmyndir og efni textans
- að leita skýringa þegar skilning brestur eða eitthvað er óljóst
- að spá fyrir um framhald texta.

Nemendur læra að taka saman meginatriði til að greina mikilvægustu atriði textans. Einnig að spyrja spurninga um efni textans á mismunandi hátt. Tilgangur þess að spyrja spurninga er að athuga hvort lesandi hafi skilið efnið og fest í minni það sem mikilvægt er að muna úr því. Að útskýra krefur nemendur um að taka eftir orðum eða hugtökum sem þeir skilja ekki og leita skýringa. Með því að spá fyrir rífa nemendur upp það sem þeir vita fyrir um efnið og setja fram tilgátu um hvað gæti gerst næst. Síðan lesa þeir áfram til að sannreyna, afsanna eða endurskoða tilgátuna. Eftirfarandi skýringarmynd lýsir ferlinu:



Sjá einnig á [http://vefir.nams.is/lesid\\_til\\_skilnings/lesidtilskilnings\\_klb.pdf](http://vefir.nams.is/lesid_til_skilnings/lesidtilskilnings_klb.pdf)

## KVL

1. K – kann: Það sem nemandi kann um efnið áður en hann les.
2. V – vil vita: Það sem nemandinn vill eða þarf að vita um efnið.
3. L – hef lært: Það sem nemandinn hefur lært að lestri loknum.

KVL er kennt í hópi eða heilum bekk meðan nemendur eru að ná tókum á aðferðinni. Í raun snýst aðferðin um hugflæði. Hópumræður geta hjálpað nemendum að móta hugmyndir og fá áhuga á efninu. Áður en lestur hefst teiknar kennari þrjá dálka á töfluna (eða nemendur í bók eða á blað) og merkir K, V og L. Fyrst eru nemendur spurðir hvað þeir viti um efni fyrirbyggjandi texta og kennari skráir í K-dálkinn. Við umræðurnar koma gjarnan fram atriði sem nemendur eru óvissir á eða vita ekki og þau eru skráð í V-dálkinn. Að lestri loknum er skrifað í L-dálkinn það sem nemendum finnst þeir hafa lært, bæði hvort þeir hafi fengið svör við spurningum sínum og ekki síður hvað þeir lærðu sem þeir vissu ekki áður.

## Hugtakakort

Hugtakakort er tækni við að skrá þekkingu eða efni texta á myndrænan hátt. Unnið er út frá lykilhugtaki. Undirhugtök flokkast undir það þannig að það gefi heildarmynd af innihaldi textans sem unnið er með. Dæmi um þetta er hugtakakort yfir lykilhugtakið Norðurlönd þar sem undirhugtökin eru einstök Norðurlönd og undirhugtök undir hvert Norðurland geta verið atvinnuvegir, landslag og lega lands, menning o.s.frv.

## Vennmyndir

Vennmyndir eru einföld myndræn framsetning á því þegar greina þarf hvað er líkt / sameiginlegt og hvað er ólíkt / ekki sameiginlegt með ólíkum mengjum eða innbyrðis afstöðu þeirra.

---

## Orð af orði

Orð af orði er ein af fjölmörgum aðferðum við kennslu orðaforða. Orðaforðakennsla stuðlar að velgengni í lestri og eykur þar með lesskilning. Hún er svokölluð tengingaraðferð – nemendum er kennt að tengja á milli þess sem þeir þekkja og vita fyrir og þess nýja sem þeir þekkja ekki. Gjarnan er unnið með orð dagsins sem er oftast tekið úr námsefni sem er til umfjöllunar. Nemendur læra að greina orðhluta og finna tengsl við önnur orð, þeir búa til samsett orð úr tilteknum orðhluta, spá í merkingu og hvernig hún breytist með forskeytum eða viðskeytum. Sem dæmi um verkefni í Orð af orði er eftirfarandi listi:

- orð dagsins
- orðhlutavinna- orðapúsl
- orðaforðavinna – unnið með orð úr sögu
- rím
- orðaleit
- orðtök og málshættir
- hugtakakort.

## PALS

Stuðst er við niðurstöður úr lesfimiþrófum til að para nemendur, tvo og tvo saman svo tryggt sé að ekki verði of mikið misvægi á getu þeirra sem vinna saman.

Valið er lesefni af hæfilegri þyngd og miðar þyngdarstigið ætíð við slakari lesandann og þeim síðan kennt að lesa samkvæmt eftirfarandi leikreglum:

- Lesandinn sem stendur betur að vígi les fyrst í 5 mínútur, félagi hans (í hlutverki leiðbeinanda) fylgist með að rétt sé lesið.
- Ef lesandi les rangt biður leiðbeinandinn hann um að stoppa, leiðrétta sig og lesa alla setninguna eða málsgreinina aftur. Leiðbeinandi aðstoðar við að lesa rétt ef með þarf.
- Þegar lesandinn hefur lesið í 5 mínútur færir leiðbeinandi inn fjölda lesinna orða og félagarnir skipta síðan um hlutverk.
- Eftir að báðir nemendur hafa lesið sama texta í 5 mínútur hvor æfa þeir sig í að beita lesskilningsaðferðum með markvissum hætti, þ.e. að veita aðalatriðum athygli, draga þau saman og spá fyrir um það sem kemur næst í sögunni.

## Daglegur lestur í skóla

Á yngsta er nestislestur fastur liður. Eins og nafnið gefur til kynna fer hann fram í nestistíma nemenda og er hann mikilvægur liður í því að efla lestrarmenningu skólans. Nestislestur er notaleg stund sem eykur áhuga nemenda á lestri og skapar oft umræðugrundvöll um ýmis mál sem koma fram í sögunni. Af og til les kennari á mið- og unglíngastigi fyrir nemendur og þá oftast í tengslum við eitthvað ákveðið verkefni.

Yndislestur er það nefnt þegar nemendur lesa í hljóði efni að eigin vali. Gjarnan er tekinn frá ákveðinn tími á hverjum degi fyrir lesturinn, t.d. 10- 20 mínútur eftir aldri og aðstæðum í hverjum bekk.

Kennari les gjarnan sjálfur á sama tíma og er þannig fyrirmynd.

Hægt er að nýta það sem nemendur lesa á þennan hátt til að auka áhuga á lestri tiltekinna bóka með því að nemendur gefi bókunum sem þeir hafa lesið meðmæli. Það má gera á ýmsa vegu, t.d. einkunn í tölum, stöðluð umsögn, umsögn sem segir líka hverjir geti haft gaman af bókinni sem um ræðir.

Hægt er að útbúa lista með „bestu“ bókunum og hengja upp í bekkjarstofunni. Líka er hægt að fá nemendur til að skrifa ítarlegri dóma um bækurnar og kynna á sérstökum bókatímum og þá lesa þeir jafnframt stutt brot úr þeirri bók sem þeir eru að kynna sem þeir telja að styðji mat sitt á bókinni.

---

## Lestrarmenning

### Hlutverk skólasafns

Starfsemi Bókasafns Eyjafjarðarsveitar er starfrækt í skólanum og er mikilvæg fyrir allt samfélagið og skólastarfið. Bókasafnið gegnir mikilvægu hlutverki í því að kveikja, örva og viðhalda áhuga nemenda á lestri. Safnvörður sér um að kynna bókakost safnsins fyrir nemendum og starfsmönnum, bæði eldra efni og það sem bætist nýtt við. Nemendur allra árganga fá aðstoð, hvatningu og ráðgjöf við val á frjálsu lesefni við hæfi. Rætt er við nemendur um efni þeirra bóka sem þeir lesa og reynt að vekja áhuga þeirra á lestri fjölbreyttra bóka. Lesefnið getur ýmist verið valið eftir óskum hvers og eins eða í samvinnu við umsjónarkennara t.d. þegar lestrarátak stendur yfir. Á skólasafninu vinna nemendur ýmis verkefni sem tengjast einstökum námsgreinum. Safnið er vinnustaður nemenda og safnvörður kennir nemendum umgengni á bókasafninu og leiðbeinir þeim við heimildaleit.

### Stóra upplestrarkeppnin

Nemendur 7. bekkjar taka árlega þátt í Stóru upplestrarkeppninni sem hefst á Degi íslenskrar tungu þar sem nemendur kynna ákveðinn höfund og flytja ljóð eftir hann. Nemendur fá kennslu og þjálfun í upplestri hjá íslenskukennara sínum sem stendur út febrúar. Þá er haldin keppni innan bekkjarins þar sem foreldrum og nemendum 6. bekkjar er boðið að koma og vera viðstaddir. Þrír dómara meta lesturinn, einn úr hópi kennara skólans, einn skipaður af foreldrafélaginu og einn valinkunnur íslenskumaður úr sveitarfélaginu. Tveir nemendur eru valdir til að vera fulltrúar skólans á Stóru upplestrarkeppninni sem haldin er í samstarfi við aðra skóla í héraðinu.

### Lestur fyrir leiksskólabörn

Nemendur 7. bekkjar fara vikulega í ákveðinn tíma og lesa fyrir börnin í leikskólanum.

---

## Markmið og leiðir í lestri


### 1. bekkur

#### Hæfni á námssviði

- Kann alla stafi og hljóð þeirra.
- Getur greint fyrsta og síðasta hljóð í orðum.
- Þekkir myndir nokkurra algengra orða og les og parar mynd við orð/ stuttar málsgreinar.
- Tengir 2 eða fleiri hljóð og les einfaldan texta.
- Getur fundið fjölda atkvæða í orði með því að klappa orðið.

#### Dæmi um leiðir í kennslu

- Innlögn á heiti, tákni og hljóðum stafa.
- Rím, orðaleikir og klapp atkvæða.
- Spil, kennsluforrit og smáforrit.
- Daglegur heimalestur.
- Reglulegur lestur fyrir kennara.
- Unnið með fjölbreyttan texta s.s. ljóð, þulur og ævintýri.




### 2. bekkur

#### Hæfni á námssviði

- Kann íslensku stafrófsvísuna.
- Getur greint fyrsta, síðasta og miðhljóð í þriggja stafa orðum.
- Les samhljóðasambönd í orðum.
- Svarar munnlega spurningum úr lesnu efni.
- Getur gert einfalt hugtakakort um þekkt efni.

#### Dæmi um leiðir í kennslu

- Daglegur heimalestur.
- Reglulegur lestur fyrir kennara.
- Paralestur og yndislestur.
- Æfingar að spá fyrir um texta.
- Unnið með fjölbreyttan texta.
- Endursegja sögur í aðalatriðum.




### 3. bekkur

#### Hæfni á námssviði

- Getur lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.
- Dregur aðalatriði út úr stuttum texta, munnlega og skriflega.
- Getur valið sér bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju.
- Getur gert greinarmun á staðreyndum og skáldskáp.
- Les upphátt með mismunandi blæbrigðum.

#### Dæmi um leiðir í kennslu

- Daglegur heimalestur.
- Reglulegur lestur fyrir kennara.
- Leshraði þjálfaður með ýmsum hraðleikjum.
- Æfður munurinn á einföldum og tvöföldum samhljóða.
- Spyrja opinna spurninga.



- 
- Unnið með hugtakakort og aðra myndræna greiningu úr textum til að efla lesskilning.


#### 4. bekkur

##### Hæfni á námssviði

- Áttar sig á uppbyggingu á sögum.
- Getur dregið aðalatriði út úr stuttum texta, munnlega og skriflega.
- Getur valið sér bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju.
- Hefur skýran og áheyrilegan framburð.
- Hefur góðan orðaforða og getur skilið texta og ráðið í merkingu orða út frá samhengi.

##### Dæmi um leiðir í kennslu

- Daglegur heimalestur.
- Reglulegur lestur fyrir kennara.
- Unnið með upphaf, meginmál og endi á sögum.
- Unnið með gagnvirkan lestur.
- Spyrja opinna spurninga.
- Fræðitextar eru teknir til skoðunar og nemendur æfðir í að leita upplýsinga úr þeim og flokka þær.



Vissir þú  
að lesskilningur og  
orðaforði eykst hjá  
barninu þegar það les  
margvíslegan texta?


#### Miðstig (5. – 7. bekkur)

##### Hæfni á námssviði

- Áttar sig á uppbyggingu á sögum.
- Getur dregið aðalatriði út úr stuttum texta, munnlega og skriflega.
- Getur valið sér bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju.
- Hefur skýran og áheyrilegan framburð.
- Hefur góðan orðaforða og getur skilið texta og ráðið í merkingu orða út frá samhengi.

##### Dæmi um leiðir í kennslu

- Reglulegulegur lestur fyrir kennara, samlestur og yndislestur.
- Nemendum mætt þar sem þeir eru staddir í lestri.
- Unnið er samhliða með lestur, hlustun, tjáningu og ritun.
- Fjölbreytt verkefni sem reyna á lesskilning og ritun
- Munnlega, skriflega, myndræn og tölvutæk skil á þeim upplýsingum sem nemendur afla.
- Ýmsar lesskilningaáferðir nýttar í öllum námsgreinum.



Vissir þú  
að börn eru að læra að  
lesa alla  
skólagönguna?

#### Unglingastig (8. – 10. bekkur)

##### Hæfni á námssviði

- Þekkir mismunandi áferðir lesturs og les sér til ánægju og fróðleiks.
- Gerir sér grein fyrir aðal- og aukaatriðum í texta.
- Eflir hugtakaskilning og máltilfinningu.
- Beitir markvissum áferðum til greina og flokka upplýsingar í texta.
- Getur lagt mat á gildi og trúverðuleika texta.

##### Dæmi um leiðir í kennslu

- Reglulegulegur samlestur og yndislestur.
- Nemendur gera útdrætti og æfa endursagnir.
- Æfa upplestur fyrir bekk eða hóp áheyrenda.

- 
- Umræður um texta af margvíslegu tagi um fjölbreytt efni sem auðga skilning og orðaforða.
  - Unnið er með orðaforða allra námsgreina þannig að nemendur geti notað hann til að ræða um og lýsa viðfangsefnum sínum.

Lesfímiviðmið Menntamálastofnunar – fjöldi rétt lesinna orða á mínútu.

Aldur nemenda	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
1. bekkur	20	55	75
2. bekkur	40	85	100
3. bekkur	55	100	120
4. bekkur	80	120	145
5. bekkur	90	140	160
6. bekkur	105	155	175
7. bekkur	120	165	190
8. bekkur	130	180	210
9. bekkur	140	180	210
10. bekkur	145	180	210

## Skimanir og próf

Árgangur	Skimanir - próf	Tími	Ábyrgð	Viðmið
<b>1.bekkur</b>	Stafakönnun.	Að hausti.	Umsjónarkennari.	Sjá töflu í kaflanum hér á undan.
	Leið til læsis – skimun.	október	Sérkennari/ umsjónarkennari.	
<b>2.bekkur</b>	Lesferill – stafakönnun/raddlestarpróf.	september janúar maí	Sérkennari/ umsjónarkennari.	Sjá töflu í kaflanum hér á undan
	Carlsten – heiti stafa og hljóða.	apríl	Sérkennari/ umsjónarkennari.	Sjá töflu hér að neðan.
	Aston Index – stafseningarluti.	apríl	Sérkennari/ umsjónarkennari.	
<b>3.bekkur</b>	Lesferill – raddlestarpróf.	september janúar maí	Sérkennari/ umsjónarkennari.	Sjá töflu í kaflanum hér á undan.
	LH 60 – leshraði í hljóði og lesskilningur.	október apríl	Sérkennari/ umsjónarkennari.	Árangur gefinn í flokkum A,B,C,D,E og F. (sjá hér að neðan)
	Aston Index – stafseningarluti.	apríl	Sérkennari/ umsjónarkennari.	Sjá töflu hér að neðan.
<b>4.bekkur</b>	Lesferill – raddlestarpróf.	september janúar maí	Sérkennari/ umsjónarkennari.	Sjá töflu í kaflanum hér á undan.
	Lesskilningspróf.	desember maí	Umsjónarkennari.	
	Orðarún	apríl	Sérkennari/ umsjónarkennari.	
	Aston Index – stafseningarluti.	apríl	Sérkennari/ umsjónarkennari.	Sjá töflu hér að neðan.



<b>5.bekkur</b>	Lesferill – raddlestarpróf.	september janúar maí	Sérkennari/ umsjónarkennari.	Sjá töflu í kaflanum hér á undan.
	Framsagnarpróf.	desember maí	Sérkennari/ umsjónarkennari.	Þeir nemendur sem ná 50% viðmiði Lesferils taka prófið í desember en allir í maí.
	LH 40 – leshraði í hljóði og lesskilningur.	febrúar	Sérkennari/ umsjónarkennari.	Árangur gefinn í flokkum A,B,C,D,E og F. (sjá hér að neðan)
	Orðarún	apríl	Sérkennari/ umsjónarkennari.	
	Lesskilningspróf.	desember maí	Umsjónarkennari.	
Aston Index – stafseningarluti.	apríl	Sérkennari/ umsjónarkennari.	Sjá töflu hér að neðan.	
<b>6.bekkur</b>	Lesferill – raddlestarpróf.	september janúar maí	Sérkennari/ umsjónarkennari.	Sjá töflu í kaflanum hér á undan.
	Framsagnarpróf.	desember maí	Sérkennari/ umsjónarkennari.	Þeir nemendur sem ná 50% viðmiði Lesferils taka prófið í desember en allir í maí.
	Orðarún	apríl	Sérkennari/ umsjónarkennari.	
	Lesskilningspróf.	desember maí	Umsjónarkennari.	
Aston Index – stafseningarluti.	apríl	Sérkennari/ umsjónarkennari.	Sjá töflu hér að neðan.	
	Lesferill – raddlestarpróf.	september janúar maí	Sérkennari/ umsjónarkennari.	Sjá töflu í kaflanum hér á undan.
	Framsagnarpróf.	desember maí	Sérkennari/ umsjónarkennari.	Þeir nemendur sem ná 50% viðmiði Lesferils

<b>7.bekkur</b>	Orðarún	apríl	Sérkennari/ umsjónarkennari.	taka prófið í desember en allir í maí.
	Lesskílningspróf.	desember maí	Umsjónarkennari.	
	Aston Index – stafseningarhluti.	apríl	Sérkennari/ umsjónarkennari.	
<b>8.-10. bekkur</b>	Raddlestrarpróf	september janúar maí	Sérkennari/ umsjónarkennari.	Sjá töflu í kaflanum hér á undan.
	GP4 (9. bekkur)	nóvember	Sérkennari/ umsjónarkennari.	

#### **Viðmið fyrir LH 40 og LH 60.**

<b>Flokkar</b>	<b>Niðurstöður</b>
A og B	Lesefni sem svarar til aldurs er oftast viðráðanlegt og nemandinn veldur því sjálfur.
C, D og E	Lesefni sem svarar til aldurs krefst mikillar athygli og oft stuðnings.
F	Lesefni sem svarar til aldurs er of erfitt fyrir nemandann án mikils stuðnings.

#### **Viðmið fyrir Aston Index. Tafla sem sýnir flokkun í hópa eftir villufjölda**

<b>Hópur</b>	<b>2. bekkur</b>	<b>3. bekkur</b>	<b>4. bekkur</b>	<b>5. bekkur</b>	<b>6. bekkur</b>	<b>7. bekkur</b>
<b>5</b>	0	0	0	0	0	0
<b>4</b>	1 - 2	1	1	1	1	1
<b>3</b>	3 - 6	2 - 3	2 - 5	2 - 5	2 - 5	2 - 5
<b>2</b>	7 - 13	4 - 6	6 - 7	6 - 8	6 - 8	6 - 8
<b>1</b>	14 - 20	7 - 20	8 - 20	9 - 20	9 - 20	9 - 20

Miðað er við 20 orð.

## Greining á lestrarerfiðleikum

Við greiningu á færni og kunnáttu í lestri er stuðst við lestrarlíkan sem flokkar börn í hóp læsra barna og hóp barna með lestrarörðugleika. Sérkennari og umsjónarkennari semja námsáætlun fyrir nemendur með lestrarörðugleika í samvinnu við foreldra. Áætlunin tekur mið af því um hvers konar lestrarörðugleika er að ræða.

Þó barn lesi af viðunandi hraða er það ekki trygging fyrir því að lesturinn sé í lagi. Lestur felur í sér málskilning auk umskráningar stafa og orða. Hvoru tveggja þarf að vera til staðar til að nemandi sé vel læs. Ávallt er miðað við skilning á aldursvarandi efni. Út frá greiningu þar sem umskráning og málskilningur eru metinn má skipta lesendum annars vegar í hóp læsra og hins vegar í hóp með lestrarörðugleika. Lestrarerfiðleikar geta verið af mismunandi tagi og myndin hér að neðan lýsir einkennum þessara flokka.

### Lestarlíkan

<b>Læsir:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Góð umskráning</li><li>• Góður málskilningur</li></ul>	<b>Lestrarerfiðleikar 1</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Góð umskráning</li><li>• Slakur málskilningur</li></ul> Lesskilningserfiðleikar
<b>Lestrarerfiðleikar 2</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Slök umskráning</li><li>• Góður málskilningur</li></ul> Verulegir umskráningarerfiðleikar - dyslexía	<b>Lestrarerfiðleikar 3</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Slök umskráning</li><li>• Slakur málskilningur</li></ul> Dyslexía og annars konar lestrarvandi/málörðugleikar

### Lestrarerfiðleikar – helstu birtingamyndir

Lestrarörðugleikar geta stafað af mismunandi orsökum:

- Almennum námsörðugleikum þar sem erfiðleikar í lestrarnáminu eru hluti almenna vandans.
- Sértækum námsörðugleikum, þar sem skert sjón, heyrn, hreyfifærni, tal eða aðrir líffræðilegir erfiðleikar eru til staðar.
- Félags- og tilfinningalegum örðugleikum.
- Dyslexíu (leshömlun). Skert hljóðkerfisvitund og slakur nefnuhraði er talin vera meginorsök dyslexíu. Einkenni hennar eru einstaklingsbundin og margþætt. Það sem skilur leshamlaða frá öðrum með lesröskun er að vandamál þeirra eru sérstaklega langvarandi og erfitt að vinna bug á þeim en tekst oft mjög vel með markvissum vinnubrögðum og góðri samvinnu heimilis og skóla. Því fyrr sem áhættuþættir eru greindir og markviss þjálfun sett af stað með hliðsjón af niðurstöðum, þeim mun meiri líkur er á því að hægt sé að fyrirbyggja alvarlegan lestrarvanda.

### Fyrirkomulag íhlutunar

Snemmtæk íhlutun felur líka í sér mat á árangri og því leggur Hrafnagilsskóli áherslu á reglulegt mat til að fylgjast með framförum. Mat er einnig nýtt til þess að finna þá sem verr standa að vígi þannig að hægt sé að skipuleggja inngrip sem hentar hverjum og einum.

Greinist barn með lestrarörðugleika gera sérkennari og umsjónarkennari námsáætlun fyrir það og kalla foreldra til samstarfs. Áætlunin og kennslan tekur mið af því um hvers konar lestrarörðugleika er að ræða. Barn með dyslexíu þarf nákvæma kennslu og mikla þjálfun til að efla hljóðkerfisvitund og öryggi í að þekkja og tengja stafi, hljóð, orðhluta og orð. Barn sem er með góða umskráningu en

---

slakan málskilning fær kennslu sem miðar að því að auka málskilninginn. Barn sem er bæði með slaka færni í umskráningu og slakan málskilning þarf að öllu jöfnu að vinna eftir einstaklingsnámskrá.

Ekki er talið að hægt sé að koma í veg fyrir dyslexíu en með markvissri kennslu, þar sem strax er gripið inn í með þjálfun þegar illa gengur með einhver atriði lestrarnámsins má draga verulega úr erfiðleikunum og gera flesta nemendur þokkalega læsa. Þá skiptir hvatning og aðstoð foreldra líka verulegu máli.

Auk sérstakrar þjálfunar og kennslu eru til ýmsar leiðir til að auðvelda nemendum með lesrarörðugleika að takast á við bóknám. Mikilvægt er að nemendur séu hvattir til að reyna þær og taka sem mesta ábyrgð á eigin námi, eftir því sem þeir hafa þroska til. Hér á eftir eru nokkrar leiðir sem geta nýst eldri nemendum vel.

#### *Hljóðbækur*

Sjálfsagt er að nýta sér hljóðbækur til að auðvelda sér nám og lestur almennt. Mörgum finnst gott að hlusta á upplestur og fylgjast um leið með í textanum. Þeir muna textann betur og auka um leið leshraðann og halda honum jöfnum. Leshraðinn verður sá sami og upplesarans sem er yfirleitt góður meðalhraði.

Nánast allt lesefni Námsgagnastofnunar er á heimasíðu stofnunarinnar og hægt að hlaða niður ókeypis: <http://nams.is/>

Hljóðbækur eru gefnar út með nokkrum bókum árlega og hægt að kaupa þær í bókabúð eða fá lánaðar í bókasafni. Þá er hægt að fá hljóðbækur hjá Blindrabókasafninu gegn tilvísun Staðfestingar um lestrarerfiðleika og upplýstu samþykki lánþega. Amtsbókasafnið annast einnig slíka fyrirgreiðslu. Mikilvægt er að nemendur með lestrarörðugleika nýti hljóðbækur á réttan hátt, þ.e. fylgist með í bókinni samhliða hlustuninni og nýti þannig hlustunina til fulls til æfingar í leiðinni. Kennarar þurfa að ítreka þetta við nemendur. Einnig er gott að þeir venjist því að líta yfir kaflann áður en þeir byrja að lesa og spá um hvað kaflinn fjalli.

#### **Aðlagð námsmat**

Mikilvægt er að nemendur sem eiga í lestrarerfiðleikum fái aðlagð námsmat í bóklegum greinum eftir því sem kostur er þannig að þeir fái tækifæri til að koma þekkingu sinni til skila. Þær leiðir sem hægt er að fara er, t.d. lengri próftími í skriflegum prófum, lestraraðstoð eða munnleg próf.

---

## Viðaukar

### Hugmyndir að lestrarátaki í bekkjum

Oft gefst vel að hafa tímabundið lestrarátak í heilum bekkjum. Ýmist eru þá allir nemendur að vinna á sama hátt þó þyngdarstig verkefna geti verið breytilegt fyrir nemendur eða mismunandi hópar vinna á ólíkan hátt. Markmið slíkra lestrarátaka geta verið margs konar:

- Að nemendur auki leshraða sinn.
- Að nemendur bæti lesskilning sinn.
- Að nemendur auki daglegan lestur.
- Að nemendur þjálfí skýran og blæbrigðaríkan upplestur.

Hér á eftir fara nokkrar hugmyndir að útfærslu lestrarátaka, fjögur þau fyrstu fengin úr lestrarstefnu Hofstaðaskóla. <http://www.hofsstadaskoli.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=98145>

### Lestaráttak „Súlurit“

Hver nemandi setur sér markmið miðað við eigin getu og keppir þannig við sjálfan sig, auk þess sem bekkurinn keppir sem heild. Framkvæmd:

- Hver nemandi áætla blaðsíðufjöldann sem hann ætla að lesa á tímabilinu ( 3- 4 vikur) og lætur bekkjarkennara vita. Það geta þeir gert með því að skoða lestarskráningu undanfarinna vikna og bæta við þann blaðsíðufjölda.
- Nemendur velja sér bók og kennari metur hvort hún samræmist lestrarfærni nemandans.
- Þegar nemandi lýkur við bók er hún skráð á töflu með nöfnum nemenda á x-ás og blaðsíðufjölda á y-ás. Þegar nemandi hefur lokið við bók finnur hann blaðsíðufjölda bókarinnar og mælir renning og klippir í samræmi við hann þar sem 10 blaðsíður samsvara 1 cm. Á renninginn skrifar hann nafn bókarinnar og blaðsíðufjölda. Renningnum er svo komið fyrir á súluritinu fyrir ofan nafn viðkomandi.
- Í skólanum er gert ráð fyrir að nemendur segi munnlega eða skriflega frá því sem þeir lesa.

Í lok átaksins eru niðurstöðu teknar saman og eftirfarandi kannað:

- hvort nemendur hafi náð markmiðum sínum
- hver meðalfjöldi lesinna blaðsíðna á dag er hjá hverjum nemanda
- hver meðalfjöldi lesinna blaðsíðna hjá hverjum nemenda er yfir tímabilið
- hver heildarfjöldi lesinna blaðsíðna er hjá bekknum
- hver meðalfjöldi lesinna blaðsíðna er á nemanda í bekknum yfir tímabilið.

### Lestaráttak „Lestarfé“

Umsjónarkennari ákveður lengd námskeiðsins. Hann lætur nemendur fá lestrarmiða eða notar Kompu þar sem foreldrar kvitta að lestri loknum. Kennarinn setur skilyrði fyrir umbuninni þ.e. „lestrarfénu“. Hún getur verið breytileg eftir stöðu nemenda í lestri.

Skilyrðin gætu hugsanlega verið eitthvað af eftirtöldu:

- Nemandi verður að koma með lestrarmiða á réttum tíma til að hann verði tekinn gildur.
- Foreldrar verða alltaf að kvitta fyrir lestrinum.
- Nemandi verður að lesa t.d. 6 daga í viku.
- Nemandi verður að lesa upphátt t.d. tvisvar í viku.
- Nemandi verður að lesa ákveðinn lágmarksfjölda blaðsíðna á dag.

Nemendur fá einn lestrarmiða („lestrarfé“) ef þeir uppfylla gefin skilyrði og annan ef þeir fara verulega fram úr áætlun. Kennarinn útbýr verðskrá með fríðindum sem hægt er að kaupa fyrir lestrarféð. Þeir nemendur sem eiga lestrarfé geta verslað en aðrir ekki. Umbunin getur verið breytileg eftir aðstæðum hverju sinni. Hún getur bæði verið á einstaklingsgrunni og/eða fyrir bekkinn í heild.

---

Kvittunarmiðum eða Kompum er safnað saman einu sinni í viku og kennari skráir hvort skilyrðum er náð og úthlutar lestrarfé.

### Lestraráttak „Múrsteinar“

Umsjónarkennarar ákveða lengd námskeiðsins. Kennari lætur nemendur fá lestrarmiða eða notar Kompu þar sem foreldrar kvitta að lestri loknum. Nemandinn velur sér bók, skráir hana á lestrarmiðann/Kompuna og umsjónarkennari metur hvort hún samræmist lestrarfærni nemandans. Að loknum lestri bókarinnar segir nemandinn frá aðalatriðum sögunnar og skráir nafn sitt og heiti bókar á svokallaðan „múrstein“. Hann skreytir múrsteininn sem síðan er festur upp á vegg. Meðan á námskeiðinu stendur eiga nemendur hvers bekkjar að reyna að byggja eins stóran múrsteinsvegg og kostur er. Umsjónarkennarar, í samráði við nemendur bekkjarins, veita verðlaun fyrir árangur lestrarvinnunnar t.d. fyrir flesta múrsteina eða best skreytta múrsteininn.

### Lestraráttak „Laufblöð“

Umsjónarkennari ákveður hversu lengi átakið stendur.

Framkvæmd: Þegar nemandi hefur lokið lestri bókar skrifar hann nafn sitt og bókarheiti á laufblað. Notaðar eru þrjár stærðir af laufblöðum. Stærsta blaðið er notað fyrir hverjar 100 blaðsíður, næsta fyrir 50 blaðsíður og það minnsta fyrir 10 blaðsíður. Blaðsíðufjöldi er námundaður þ.e. ef lesnar eru 267 blaðsíður eru klippt út 2 stór laufblöð (2x100), eitt af millistærð (1x50) og 2 lítil (2x10). Laufblöðin eru hengd á birkitré sem staðsett er á gangi skólans. Ef fleiri bekkir fara samtímis í þetta lestrarátak eru notaðir mismunandi litir á pappír í laufblöðin. Nokkru eftir að átakinu lýkur eru laufblöðin tekin niður, þeim skipt á milli nemenda, þau talin og árangur lagður saman.

### Lestraráttak í samvinnu við bókasafnsvörð

Nemendur lesa af krafti í skóla og heima. Þeir afhenda umsjónarkennara miða sem á stendur hve margar blaðsíður þeir lásu heima og í skólanum daginn áður. Á hverjum degi reiknar umsjónarkennari út hvað bekkurinn er búinn að lesa margar blaðsíður. Bókasafnskennari fær upplýsingar um heildarlestur alls bekkjarins og hengir upp á áberandi stað á safninu hvað hver bekkur er búinn að lesa margar blaðsíður. Í lok námskeiðsins fá nemendur skjöl þar sem árangur þeirra samkvæmt skráningarblaði fram kemur.

Auk þessa gefur umsjónarkennari nemendum sínum umsögn. Í umsögninni skal koma fram mat kennarans á 2 – 4 eftirfarandi þátta og fer það eftir því hvað lagt er upp með og kennari hefur tækifæri til að meta:

- viðhorf nemandans til lestrar
- iðni nemandans við heimalestur og lestur í skóla
- árangur nemandans í lesskilningi
- skil nemandans á efni bóka í máli og ritun
- þátttaka foreldra.

### Lestraráttak „Uglur“

Umsjónarkennari ákveður hversu lengi átakið stendur.

Framkvæmd: Áður en átakið hefst ákveða nemendur hversu mörgum uglum þeir telji sig geta safnað á tímabilinu. Þegar nemandi hefur lokið lestri bókar fær hann ljósrit af ugluformi hjá kennara. Öðru megin á blaðið skrifar hann nafn sitt, bókarheiti og höfund. Hinum megin eru spurningar sem varða bókina eða lesturinn sem nemandi svarar (Úr Bókasafnaranum). Að því loknu hengir nemandinn ugluna upp í grein á tré í bekkjarstofu. Þegar tímabilinu lýkur eru uglurnar taldar og hafi nemendur náð markmiði sínu fær bekkurinn umbun sem ákveðin var í upphafi. Ef nemendur hafa farið verulega fram úr markmiði sínu veitir umsjónarkennari viðbótarumbun. Þetta verkefni hentar vel fyrir nemendur í 3. – 5. bekk.

---

## Lestraráttak „Lestu nú“

Markmið Lestu nú er að auka lestrarfærni nemenda. Litið er á lestur sem íþrótt og allir skilja að til að ná árangri í íþróttum þarf að leggja mikið af mörkum við þjálfun og á þeim grunni er námsefnið samið. Lestu nú saman stendur af tveimur bókum, lesbók og vinnubók. Lestrarþjálfunin miðast við hljóðlestur og leitast er við að auka hraðann jafnt og þétt án þess að það komi niður á lesskilningi. Tímabundið getur hann minnkar en vex svo aftur þegar líður á þjálfunartímabilið. 22 – 24 kennslustundir eru ætlaðar í verkefnið, 1 fyrir hvern kafla og 2 -3 stundir í kynningu og próf. Æskilegt að unnið sé þrisvar – fjórum sinum í viku í skólanum og ætlast er til að nemendur lesi jafnframt skáldsögur heima.

Framkvæmd:

- Nemendur taka hraða- og lesskilningspróf þrisvar, áður en átakið hefst, þegar það er hálfnað og að því loknu.
- Árangur; hraði og skilningur er skráður inn á Ferilblað. Nemendur setja sér markmið um fjölda orða á mínútu (OÁM) og er raunhæft að þeir stefni að því að tvöfalda eða þrefalda leshraða sinn á tímabilinu.
- Hver kafli inniheldur þrjá leskafla, einn stuttan upphitunarkafli og tvo lengri. Í lok hvers kafla svara nemendur spurningum um efni hans og leysa ýmis konar þjálfunarverkefni í vinnubókinni.
- Nemendur skrá hraða og rétt svör í hverjum leskafla í vinnubókina og færa niðurstöður inn á línuritin Framfaraspor – hraði og Framfaraspor – lesskilningur í vinnubókinni til að hafa gott yfirlit yfir árangurinn.
- Með námsefninu er miðað við að hver nemandi lesi þrjár til fjórar skáldsögur heima og taki krossapróf úr þeim öllum. Árangur úr þeim er einnig færður inn á sérstakt ferilblað í vinnubókinni.

## Lestraráttak „Bætt lestrartækni“

Bætt lestrartækni er sams konar verkefni og Lestu nú en ætlað nemendum í 6. – 7. bekk og notað annað efni. Efnið er ljósrituð hefti með textum og verkefnum.

## Lestraráttak „Lesnámskeið í 3. bekk“

Nemendum bekkjarins er skipt í tvo hópa eftir lestrarfærni. Sérkennari vinnur með annan hópinn en umsjónarkennari með hinn. Nemendur í báðum hópum vinna sams konar verkefni en gengið er út frá misþungum grunnbókum. Annar hópurinn vinnur með það var skræpa en hinn með Tína fer í frí.

Framkvæmd:

- Foreldrar fá kynningarbréf um lesnámskeiðið.
- Staða nemenda metin og þeim skipt í hópa.
- Hver nemandi fær lestrarskrá með kaflaskiptum grunnbókar og auðum línunum til að skrá aðrar bækur. Í hana skrá foreldrar og kennarar lesturinn. Nemendur mega velja sér límmiða eftir hverja bók sem þeir lesa.
- Kennarar halda saman fjölda lesinna blaðsíðna og nemendur búa til spjöld sem fest eru á vegg í stofunni, eitt spjald fyrir hverjar 100 blaðsíður sem bekkurinn les
- Nemendur æfa upplestur á stuttum kafla í grunnbókinni heima og í skóla.
- Nemendur vinna verkefni í skólanum úr hverjum kafla. Verkefnin eru að svara spurningum um efni kaflans, búa til nýja setningu og skrifa þar sem tiltekið orð úr kaflanum kemur fyrir. Orð eru flokkuð eftir atkvæðafjölda og gerðar tilraunir með röðun orða í setningum.
- Nemendur velja bækur til yndislestrar til að lesa heima og í skóla. Kennari hefur hönd í bagga með að nemendur velji sér bækur sem hæfa getu hvers og eins.
- Þegar nemendur ljúka bók fylla þeir út blað úr Bókasafnanum, þar sem þeir gera grein fyrir mismunandi atriðum varðandi efni bókarinnar eða mati sínu á bókinni. Blöðunum er safnað í plastmöppu.
- Þegar námskeiðinu lýkur eru allir nemendur hraðaprófaðir.

- 
- Árangri er fagnað í bekknum og kynntur á samverustund. Hver nemandi fær viðurkenningar-skjal þar sem fram kemur leshraði áður og eftir námskeið og fjöldi bóka og blaðsíðna sem lesnar voru.

### Lestrarmarabon

Árlega er efnt til lestrarmarabons sem allir nemendur og starfsfólk tekur þátt í. Þá er lesið 15 mín. í hverjum einasta tíma dagsins (10 mín. í 1. og 2. bekk?). Skráð er hvað lesið er og hversu mikið. Einnig lesa nemendur heima í 20 – 30 mín. á dag. Marabonið stendur í 3 - 7 daga. Að maraboninu loknu er talið saman hversu margar blaðsíður voru lesnar og samanlögð lengd þeirra reiknuð út.

### Bókamessa

4 - 6 vikna áttak í 7. - 10. bekk þar sem kennslustofunni er breytt í notalegan lestrarsal með nokkrum hægindastólum, grjónapúðum, sófum og leslömpum. Fjöldi bóka er safnað saman í stofuna. Nemendur lesa að lágmarki 1 kennslustund daglega í bókum að eigin vali og skrá í lesdagbók. Þeir meta bækurnar og kynna fyrir bekkjarfélögum og gefa umsagnir sem auðvelda öðrum að meta hvort þeir vilja lesa sömu bók. Þeir geta þá skráð strax hjá sér í lesdagbókina nafn bókarinnar og safna þannig lista sem hægt er að grípa í þegar næst þarf að velja bók. Uppáhaldsbækur bekkjarins fá sérstakan virðingarstað í bókahillunni.